

AUGLÝSING

102
23. okt.

um staðfesting dómsmálaráðuneytisins á bráðabirgðagjaldskrá fyrir lækna aðra en héraðslækna, og fyrir tannlækna og nuddara.

Samkvæmt 13. gr. laga nr. 47, 23. júní 1932, um lækningaleyfi, um réttindi og skyldur lækna og annara, er lækningaleyfi hafa, og um skottulækningar, er hér með staðfest eftirfarandi

BRÁÐABIRGÐAGJALDSKRÁ

fyrir lækna aðra en héraðslækna, og fyrir tannlækna og nuddara.

1. gr.

Um borgun fyrir störf lækna, annarra en héraðslækna, fer eftir gjaldskrá héraðslækna, þó þannig, að læknum, öðrum en héraðslæknum, er heimilt að taka allt að þriðjungi herra gjald en gjaldskráin ákveður (fyrir hverjar 2 krónur 3 krónur o. s. frv.).

2. gr.

Læknum, öðrum en héraðslæknum, sem eru viðurkenndir sérfræðingar, er heimilt að taka allt að þriðjungi herra gjald fyrir störf sín en almennum læknum, þó aðeins fyrir þau störf, sem beinlínis heyra til sérgrein þeirra.

3. gr.

Um borgun fyrir störf tannlækna fer eftir gjaldskrá héraðslækna um þau tannlæknisverk, sem þar er getið, þó þannig, að tannlæknum er heimilt að taka allt að þriðjungi herra gjald en gjaldskráin ákveður, og fyrir önnur tannlæknisverk í sem fyllstu samræmi við það.

Læknum, öðrum en héraðslæknum, sem jafnframt eru tannlæknar, ber sama gjald fyrir tannlæknisverk sem öðrum tannlæknum.

4. gr.

Um borgun fyrir störf nuddara fer eftir gjaldskrá héraðslækna um þær nuddaðgerðir, sem þar er getið, þó þannig, að nuddurum er heimilt að taka allt að þriðjungi herra gjald en gjaldskráin ákveður og fyrir aðrar nuddaðgerðir í sem fyllstu samræmi við það.

5. gr.

Nú hefir læknir annar en héraðslæknir eða tannlæknir eða nuddari opinbert starf á hendi fyrir ríkið eða bæjar- eða sveitarfélag og föst laun fyrir það, ekki

102 lægri en meðallaun héraðslæknis, og ber honum þá að fara að öllu leyti eftir
23. okt. gjaldskrá héraðslækna.

Bráðabirgðagjaldskrá þessi öðlast gildi 1. janúar 1934.

Þetta er hér með birt öllum þeim til eftirbreytni, er hlut eiga að máli.

Í dómsmálaráðuneytinu, 23. október 1933.

Magnús Guðmundsson.

Gissur Bergsteinsson.

103
23. okt.

AUGLÝSING

um staðfestingu dómsmálaráðuneytisins á ljósmæðrareglugerð.

Samkvæmt 9. gr. Ljósmæðralaga nr. 17 frá 19. júní 1933 er hérmeð staðfest eftirfarandi

LJÓSMÆÐRAREGLUGERÐ

I. KAFLI

Almenn ákvæði, varðandi ljósmæður yfirleitt.

1. gr.

Réttur til ljósmæðrastarfa.

Hver sú kona, sem stundað hefir nám tilskilinn tíma í Ljósmæðraskóla Íslands í Reykjavík og að loknu prófi þar er talin til þess hæf, á rétt á að kalla sig ljósmóður eða yfirsetukonu og að stunda ljósmóðurstörf hér á landi.

Sama rétt eiga og þær lærðar ljósmæður, sem rétt höfðu til ljósmæðrastarfa hér á landi áður en ljósmæðralög nr. 17, 19. júní 1933, gengu í gildi, þó að þær hafi ekki lokið námi eins og að framan segir.

2. gr.

Leyfi til ljósmæðrastarfa.

Ráðherra getur og veitt öðrum konum leyfi til að kalla sig ljósmæður og stunda ljósmæðrastörf hér á landi, ef þær hafa lokið að minnsta kosti jafngildu námi og eru að öðru leyti til þess hæfar að dómi aðalkennara Ljósmæðraskólans og landlæknis.